

Þingsályktun

um samræmda samgönguáætlun.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til að kanna hvort samræma megi gerð áætlana um uppbyggingu samgöngumannvirkja í eina samræmda samgönguáætlun og gera í framhaldi af því tillögur um nauðsynlegar breytingar á lögum og reglum. Nefndin skili niðurstöðu fyrir árslok 1998.

Samþykkt á Alþingi 9. mars 1998.